

Miðvikudaginn 9. jan. 1935.

Nr. 127/1933. Magnús Guðmundsson

gegn

Ólínu Magneu Jónsdóttur.

Úrskurður hæstaréttar.

Áfrýjandi hefir meðal annars gert þær kröfur, að máli þessu verði vísað heim í hérað til þess að blóðrannsókn fari fram, ef þess yrði kostur á honum sjálfum, hinni stefndu og barni hennar, Stefaniu Bylgju, er stefnda hefir kennt áfrýjanda.

Í lögreglurétti Reykjavíkur 12. nóv. f. á. kom það fram, að það hefir komið til umræðu milli málsaðilja fyrir lögreglurétti Reykjavíkur 20. eða 23. maí 1933, er þau voru yfirheyrð viðvíkjandi faðerni áðurnefnds barns, að blóðrannsókn yrði gerð á viðkomendum, en um þetta hefir þó ekkert verið bókað, enda kemur málsaðiljum ekki saman um það, hvað gerzt hafi þar þeirra í milli um þetta atriði. Það verður ekki séð, að dómariinn hafi gengið úr skugga um það, hvort blóðrannsóknar hafi verið krafizt, sem hann hefði þó átt að gera, með því að honum bar samkvæmt 12. gr. laga nr. 46/1921 að afla af eigin hvötum allra fáanlegra sannana um þau atriði, er máli kunnu að skipta um faðerni barnsins, og að gera hinni stefndu, sem var höfðandi barnsfaðernismáls þessa í héraði, kunnar þær afleiðingar, sem tregða af hennar hálfu um að gefa allar mögulegar upplýsingar í málinu, gæti haft um framgang þess eftir áðurnefndri lagagrein.

Með því að áfrýjandi hefir stöðugt neitað því, þrátt fyrir líkur, sem móti honum mæla, að hann sé faðir að áðurnefndu barni, en hefir hinsvegar

krafizt blóðrannsóknar á sinn kostnað, þá virðist eiga að veita honum kost á henni, ef unnt reynist, og þykir því rétt að fresta uppsögn dóms í máli þessu þar til sýnt er, hvort slík rannsókn getur farið fram eða ekki. Ber því að skylda héraðsdómarann:

1. Til að ganga úr skugga um það fyrir dómi, hvort stefnda vill leggja sig og barn sitt fyrir nefnt undir blóðrannsókn, og
2. Ef svar hennar verður játandi, þá að hlutast til um, að blóðrannsókn á áfrýjanda, Magnúsi Guðmundssyni, hinni stefndu, Ólínu Magneu Jónsdóttur, og barni hennar, Stefaníu Bylgju, fari fram, ef unnt verður og svo fljótt sem kostur verður.

Því úrskurðast:

Héraðsdómaranum ber að afla þeirra upplýsinga og hlutast til um framkvæmd þeirrar rannsóknar, sem í 1. og 2. tölulið að framan greinir, og samkvæmt því, er þar segir.

Mánudaginn 14. jan. 1935.

Nr. 52/1934. **Eigandi m/s „Minnie“ E.A. 523**

(Jón Ásbjörnsson)

gegn

eigendum e/s „Nonna“ E.A. 290

(Garðar Þorsteinsson).

Aðstoð við björgun.

Dómur sjóréttar Reykjavíkur 5. jan. 1934: Stefndur, C. A. Broberg, f. h. eigenda m/b. Minnie, greiði stefnanda,